

Frá ritstjórum

Markmið ársrits þess sem nú kemur í fyrsta sinn fyrir augu lesenda er að vera vettvangur fyrir kennara og aðra starfsmenn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands (SVF) til birtingar á greinum og öðru efni sem tengist starfi þeirra. Í þessum fyrsta árgangi er haft að leiðarljósi að efni ritsins gefi sem breiðasta mynd af fræðasviðum SVF og því fjölbreytta starfi sem þar er unnið. Efnið einkorðast að þessu sinni við fræðigreinar, bæði rannsóknargreinar og greinar með hagnýtari skírskotun, en fyrirhugað er að síðar meir geti m.a. bæst við stuttar þýðingar og ritdómar. Ársritið er ekki eingöngu ætlað fræðimönnum, kennurum og háskólanemum heldur á efni þess að höfða til breiðari markhóps þótt vitaskuld hljóti hluti efnisins að eiga brýnast erindi við þá sem yfir ákveðinni sérfræðipækkingu og tungumálakunnáttu búa.

Efni þessa fyrsta ársrits er skipt í ritrýndar greinar og annað efni. Með birtingu ritrýndra greina eru uppfylltir þeir alþjóðlegu gæðastaðlar sem taka verður mið af til þess að festa nýtt fræðitímarit í sessi. Í flokk annars efnis falla greinar sem byggjast á fræðilegum grunni en hafa jafnframt hagnýtt gildi.

Þáttur í því að endurspegla þá fjölbreyttu starfsemi sem fram fer innan vébanda SVF var að gefa hverjum höfundu kost á að rita á móður- eða kennslumáli sínu auk íslensku og ensku. Þetta er bæði til þess fallið að vekja athygli á tímaritinu á erlendri grund og koma ritsmíð höfundarins á framfæri á viðkomandi málsvæði. Afraksturinn varð fjórtán greinar, þar af níu ritrýndar, á alls sjö tungumálum: íslensku, dönsku, ensku, ítölsku, rússnesku, spænsku og þýsku.

Óhætt er að segja að greinar ársritsins spanni býsna mörg efnissvið þótt allar tengist þær tungumálum eða bókmenntum með einum eða öðrum hætti. Auk greina sem falla undir bókmenntir og málvísindi í þrengri merkingu er hér að finna greinar með sterkri sagnfræði- eða heimspekilegri tilvísun að ógleymdri umfjöllun um kennslu erlendra tungumála á háskólastigi.

Meginviðfangsefni greinar Auðar Hauksdóttur er tungumálakennsla í Lærða skólanum í Reykjavík á seinni hluta nítjándu aldar og

tengsl hennar við viðhorf samfélagsins til tungumála og hlutverks þeirra. Ásdís R. Magnúsdóttir veltir fyrir sér mikilvægi leitarinnar að merkingu í *Sögunni um gralinn* og því hlutverki sem lesandanum er þar ætlað. Birna Arnbjörnsdóttir fjallar um notkun ensku sem samskiptamáls og kynnir niðurstöður könnunar á hlutfalli námsefnis á ensku í íslenskum háskólum. Í grein Erlu Erlendsdóttur er rakin saga tveggja orða úr spænsku sjómannamáli sem virðast vera tökuorð af norrænum uppruna og hafa borist inn í spænsku úr frönsku. Þau Hólmsfríður Garðarsdóttir og Guðmundur Erlingsson gera grein fyrir sögu spænskrar kvikmyndagerðar og hugleiða hvaða efnistöð eigi við í námskeiðum um þennan kafla kvikmyndasögunnar. Oddný G. Sverrisdóttir fjallar um eiginleika og flokkun fastra orðasambanda á grunni rannsókna svissneska fræðimannsins Haralds Burgers, með íslenskum dæmum og hugtakaheitum auk þýskra. Randi Benedikte Brodersen kynnir í grein sinni hugmyndir um heildræna handleiðslu við ritun háskólaritgerða þar sem samræða og samvinna gegna veigamiklu hlutverki. Viðfangsefni Sigurðar Péturssonar eru tilvitnanir í rómverska skáldið Ovidius í ritum, og þá einkum deilurítum, Arngríms Jónssonar lærða. Stefano Rosatti dregur fram hliðstæður í samfélagsrýni ítalska rithöfundarins og kvikmyndaleikstjórans Piers Paolos Pasolinis og bandaríska fræðimannsins Christophers Lasch.

Í þeim greinum sem hafa beina hagnýta skírskotun er tungumálakennsla á háskólastigi eðlilega í fyrirrúmi. Annika Große beinir sjónum sínum að kostum hlaðvarps sem kennslumiðils er býður upp á fjölbreytta möguleika. Maurizio Tani tekur fyrir vandamál tengd miðlun ítalskrar sögu og tungu í kennslu sem byggist á því að vefa saman tungumálið sjálft og almenna þekkingarþætti. Í grein Olgu Korotkovu eru sértæk framburðarvandamál íslenskra rússneskunema í brennidepli. Simona Storchi fjallar um náms- og kennsluáferðir sem stuðla að skilvirkri tileinkun orðaforða í tungumálanámi. Loks gerir Þórhildur Oddsdóttir grein fyrir reynslu sinni af tölvustuddu námi í fjarkennslu í dönsku við Háskóla Íslands.

Ritstjórar færa starfsfólki Háskólaútgáfunnar bestu þakkir fyrir dýrmæta ráðgjöf og farsælt samstarf á öllum stigum vinnuferlisins.

Magnús Sigurðsson og Rebekka Þráinsdóttir